

Velferðarnefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

20. mars 2023

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022 (makamissir) 315. mál

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sorgarleyfi þar sem lagt er til að bætt verði við gildissvið laganna ákvæði um leyfi frá störfum á innlendum vinnumarkaði í kjölfar þess að einstaklingur missir maka sinn sem hann á barn eða börn undir 18 ára aldri með.

BHM studdi á sínum tíma frumvarp til laga um sorgarleyfi sem tóku gildi 1. janúar sl. enda um afar mikilvæga og tímabæra réttarbót að ræða.

BHM styður rýmkun á gildissviði laganna sem lögð er til og tekur undir þann rökstuðning sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Þessi hópur foreldra er vel að stuðningi hins opinbera kominn í ljósi tilgangs sorgarleyfis, réttarstöðu þeirra gagnvart vinnuveitanda og markmiða laganna um farsæla endurkomu á vinnumarkað.



Friðrik Jónsson,  
formaður BHM

Virðingarfyllst,



Ingvar Sverrisson,  
sérfræðingur í kjara- og réttindamálum